

# Undir umskiftin

## I.

Jafnvel sá sem hvorki hefir bekkingu nje hæfileika til af-skifta af stjórnálum, getur ekki apnað en furðað sig á, að nokkurt hik skuli geta verið á íslenskum mönnum, nokkur tvídrægni orðið til tafar, þegar þess er kostur, að endurreisa (og þó ekki án umbóta) slíkt stjórnarfyrirkomulag sem var þegar íslenska þjóðin, þó að smaest væri, gat lagt til sumt það sem mest hefir stuðlað að menningu Norðurlanda. En hinsvegar alkunnugt hversu mjög óheillavænlegt niðurfall lýðveldisins og síðan vaxandi skótur sjálfræðis, reyndist þjóðinni. Ekki síður er mönnum ljóst hvað það var, sem öllu öðru fremur átti sök á því að svo illa fór. En óhætt er að segja, að aldrei hefir, í allri sögu þjóðarinnar, jafnmikið riðið á sáttum og samlyndi og einmitt nú, þegar heita má, að síðustu forvöð sjei um það, hvort takast megi að bjarga síðmenningunni hjer á jörðu frá niðurfalli, og þar með öllu mannkyninu frá glótun. En í þeim efnunum er það sem íslenska þjóðin, bött litil sje, að hafa forgongu, og sýna leiðina útár ógöngunum.

## II.

Það er haegt að benda á, þó ekki sje stjórnálamaður, hvernig Alþingi Íslendinga, þessi fræga stofnun, sem i sumum efnunum á svo merkilega sögu, gaeti hagað sjer þannig, að þaðanaf yrði auðveldara um allar aðgerðir til að koma málum í rjett horf. En svo mundi verða, ef því væri gaumur gefinn á Þingi, hvernig farin er að setast spáin um, að hjer á Íslandi mundi brugðið verða upp við andlega leiðarljósi, sem öllu mannkyni er svo bersýnilega örft á. Þingið gaeti látið þess jást einhver merki, að þar i

sólm sje ekki talið þýðingar-laust það sem sagt hefir verið um nauðsyn og möguleika stofnunar til sambands við ibúa stjarnanna. Með sliku mundi Alþingi skapa sjer og þjóðinni allri, aukið samband við staði, þar sem öllum málum er komið i stórum heillavænlegra horf en hjer á jörðu. Hinrar góðu afleiðingar af því að nokkurt á-hugi á þessu heimssambandsmáli kæmi fram á Alþingi, mundu fljótt gera vart við sig á margan hátt, m. a. t. d. í því, að verið mundi verða nekkrunær því, sem svo mikil er þörf in á, en ella mundi.

## III.

Umskifti eru fyrir höndum, meiri en orðið hæfa áður i sögu þjóðarinnar (og raunar mannkynsins alls.) En hvort skiftir um til góðs eða illa, er undir því komið hvort menn láta sjer skiljast nógu vel hver ráð ber að varast og hver að taka. Ei rjett er að farið, mun Ísland verða gott land, og þeir hæfi-leikar sem svo ótvíraðlega búa með þjóðinni, munu þá ná að koma fram, vorri þjóð og öllum öðrum, til gagns og gleði.

Febr.

Helgi Pjeturss.



Winnipeg.

## Leiðrjetting.

I greininni „Mikill er sá munur“, Mbl. 17. 2., stendur (i sambandi við Winnipeg) „alveg andlaus bær“, en jeg hafði skrifat „tiltakanlega andlaus“. Er þetta þó ekki minn dómur um hina ungu framfaraborg, heldur minnist jeg þeirra orða frá því fyrir aldamótin síðustu, og einmitt i sambandi við dvöl Gests Páls-sonar þar, og dauða.

H. P.